

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2014/EES/67/112
nr. 1150/2013

frá 14. nóvember 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu repjuolíu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum c-lið 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Virka efnið repjuolía var fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun ráðsins 2008/127/EB ⁽³⁾ í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 24. gr. b í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 ⁽⁴⁾. Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta virka efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.
- 2) Í samræmi við 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 2229/2004 gerði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, framkvæmdastjórninni grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi drög að endurskoðunarskýrslu um repjuolíu ⁽⁶⁾ 18. desember 2012. Matvælaöryggisstofnunin gerði tilkynnanda grein fyrir sínum

sjónarmiðum varðandi repjuolíu. Framkvæmdastjórnin gaf Matvælaöryggisstofnuninni færi á að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að endurskoðunarskýrslunni um repjuolíu. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að endurskoðunarskýrslunni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, og því lauk 3. október 2013 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um repjuolíu.

- 3) Staðfest er að virka efnið repjuolía telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir samþykki fyrir repjuolíu að því er varðar hámarks magn erúkasýru, sem eru eiturefnafræðileg óhreinindi sem skipta máli.
- 5) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 6) Gefa ætti aðildarríkjnum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda repjuolíu, eða afturkalla þau.
- 7) Fyrir gildistöku þessarar reglugerðar ætti að veita hæfilegan frest til að gera aðildarríkjum, tilkynnendum og handhöfum leyfa fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda repjuolíu, kleift að uppfylla kröfurnar sem fylgja breytingu á skilyrðunum fyrir leyfinu.
- 8) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda repjuolíu ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en átján mánuðum eftir gildistöku dag reglugerðarinnar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 305, 15.11.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 206/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjútíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnunum (Stjútíð. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 frá 3. desember 2004 um nánari reglur varðandi framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjútíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 13).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjútíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁶⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance plant oil/rape seed oil“. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(1), 3058 (45 bls.). doi:10.2903/j.efsa.2012.3058. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/1107/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntu-

varnarvörum, sem innihalda repjuolíu sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 30. september 2014.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 30. september 2015.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað 242. línu um virka efnið repjuolíu í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreintleiki	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértræk ákvæði
„242	Plöntuölfur/repjuolía CAS-nr.: 8002-13-9 CIPAC-nr. ekki úthlutað	Repjuolía	Repjuolía er flókin blanda fitusýra. Óhreimindi sem skipta máli: Að hámarki 2% af erúkasýru	1. september 2009	31. ágúst 2019	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur og mitliásæfir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29, gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um repjuolíu (SANCO/2623/2008), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 3. október 2013. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“